

Nemendahestur fyrir annað og þriðja árið

Sem lokaverkefni eftir þriggja ára háskólanám á nemandinn að sýna vel þjálfaðan, alhliða gæðing. Nemandinn kemur með hestinn með sér í upphafi vorannar á öðru ári, tekur hann með sér í verknámið og mætir með hann í upphafi haustannar þriðja ársins, til notkunar í námskeiðinu ÞJK5106190 sem og á vorönn í ÞJK6106190. Í stuttu máli; hesturinn er notaður á fjórðu, fimmtu og sjöttu önn námsins. Hesturinn skal vera a.m.k. 6 vetra þegar önnin hefst og helst ekki eldri en 14 vetra. Mælt er með að þyngd nemandans sé ekki meira en 30% af þyngd hestsins. Nemandinn þarf að framvísa dýralæknisvottorði um að hesturinn sé heilbrigður. Varast skal að koma með hest með sjúkrasögu af álagsmeiðslum. Nemandinn mun keppa á hestinum á opinberum mótum á námstímanum.

Gæði

Gæði gangtegunda og hreyfinga sem og þjálfun hestsins, munu hafa áhrif á framfarir nemandans og framvindu í náminu. Því betri sem hesturinn er, því meiri árangur næst. Ráðlegt er að vera búin/n að keppa á honum og viðmiðið er að hafa náð meistaraflokkseinkunn eða að hesturinn sé líklegur til að ná því á námstímanum. Mikilvægt er að engin gangtegund sé mjög léleg og ekki sé um alvarlegan misstyrk að ræða (t.d. að annað stökkið vanti).

Þjálfunarstig

Hesturinn skal vera vel þjálfður, með grundvallaratriðin í lagi, þ.e. rólegur, stefnufastur, taktgóður, sveigjanlegur. Hann kunni grunnábendingar og fimiæfingarnar framfótasnúning, afturfótasnúning, krossgang og lokaðan sniðgang á feti en opin á tölti. Lágmarksviðmið er að við upphaf vorannar á 3. ári væri hægt að taka lokaprófið á 1. ári á hestinum. Nemandinn verður að geta sýnt allar gangtegundir á hestinum.

Geðslag o.a.

Hesturinn má ekki vera með hegðunarvandamál svo sem slægð, leti, ofríki, tungubasl, hrekki, kergju, spennu eða hræðsluköst. Hann verður að vera rólegur í umgengni og samstarfsfús. Ekki má koma með ropara eða vefara.

Mat

Nemandanum er frjálst að senda myndband af hesti til umsjónarkennara eða mette@holar.is til að fá bráðabirgðamat á hann. Athugið þá að nemandinn á sjálfur að vera knapi á hestinum, að hafa ekki tónlist undir myndbandinu og að láta allar upplýsingar fylgja, svo sem aldur, keppnisárangur o.s.frv. Áður en kennsla hefst mun einnig standa til boða að láta skoða hestinn á Hólum, að frumkvæði nemandans.

Próf

Á fyrstu dögum haustannar *þriðja árs* þarf nemandinn að standast próf á hestinum og er það lágmarkskrafa til að geta tekið þátt í námskeiðinu. Þetta er til að tryggja að nemandinn sé með nægilega góðan hest fyrir verkefni vetrarins. Prófið felur í stuttu máli í sér að sýna hestinn á öllum gangtegundum, úti og inni og á báðar hendur, einnig reiðleiðir, t.d. reiði á hringnum, skipt á hringum, skipt yfir allan völlinn, liðkandi og safnandi fimiæfingar, bakk, slakur taumur á brokki, taumur gefinn á feti og skeið á beinni braut.

Lánshestar

Af gefnu tilefni: Ef nemandinn er ekki eigandi hestsins sjálfur, er nauðsynlegt að nemandinn og eigandinn geri [samning um hest til láns](#) í náminu. Þetta á einnig við þó nemandi og eigandi séu í sömu fjölskyldu. Samningseyðublaðið er einnig aðgengilegt á holar.is.

Síðast endurskoðað í júní 2022.